

PERSÓNUVERNDARSTEFNA SAMTAKA FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (hér eftir „SFV“ eða „samtökin“) hlíta lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem tóku gildi þann 15. júlí 2018. Umrædd lög voru sett til innleiðingar og lögfestingar á almennu persónuverndarreglugerðinni (REGLUGERÐ EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/679, frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB).

SFV leggja áherslu á að vinna með og safna sem minnst af persónugreinanlegum gögnum. Það er þó óhjákvæmilegt að vinna með einhverjar persónugreinanlegar upplýsingar og leggja SFV því metnað í að tryggja trúnað og vernd þeirra persónuupplýsinga sem samtökin þurfa að afla og vinna með í tengslum við starfsemi sína, þ.á.m. upplýsingar um starfsmenn, einstaklinga sem koma fram fyrir hönd aðildarfélaga samtakanna og aðra sem hafa samband við samtökin. Einnig kunna samtökin að safna og vinna aðrar upplýsingar sem aðildarfélögin afhenda samtökunum vegna þeirrar þjónustu sem SFV veita aðildarfélögunum, þ.á.m. lögfræðiþjónustu og kjarasamningsgerðir. Í því sambandi getur verið um að ræða upplýsingar um starfsmenn aðildarfélaganna þótt slík tilvik séu sjaldgæf.

Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að upplýsa þig um hvaða gögnum SFV safna, hvernig unnið er með slík gögn, hverjir hafa aðgang að gögnunum og hvernig þú getur nálgast frekari upplýsingar um persónuverndarmálefni samtakanna.

Persónuverndarstefna SFV skal vera aðgengileg almenningi á heimasíðu samtakanna, www.samtok.is

Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar samkvæmt persónuverndarstefnu þessari eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling.

Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og til dæmis nafn, kennitölu, netauðkenni eða eins eða fleiri þátta sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Hvaða gögnum söfnum við og hvers vegna?

Þær persónuupplýsingar sem SFV afla eru meðal annars notaðar til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á SFV sem ábyrgðaraðila, svo sem til að uppfylla kröfur vinnumarkaðsins gagnvart starfsfólki sínu.

Upplýsingum er einnig aflað í þeim tilgangi að standa við gerða samninga við einstaklinga, svo sem ráðningarsamninga við starfsfólk. Enn fremur kunna samtökin að afla og vinna með upplýsingar til að standa við gerða samninga við aðildarfélög samtakanna, m.a. á grundvelli samningsumboðs til kjarasamningsnefndar SFV, svo og við veitingu lögfræðiþjónustu.

SFV kunna einnig að safna og vinna með upplýsingar sem einstaklingar kjósa að láta samtökunum í té. Þetta geta til dæmis verið bréfaskrif með ábendingum eða athugasemdum frá einstaklingum eða upplýsingar sem kunna að berast samtökunum vegna starfsemi þeirra, sem felst m.a. í veitingu lögfræðiþjónustu og kjarasamningagerð.

Dæmi um upplýsingar sem SFV vinna um einstaklinga í ofangreindum tilgangi:

- Almennar upplýsingar; svo sem nafn og heimilisfang.
- Samskiptaupplýsingar; svo sem símanúmer og netföng.
- Kennitala.
- Kyn.
- Upplýsingar um menntun og starfsferil.
- Stéttarfélagsaðild.
- Lífeyrissjóðsaðild.
- Launa- og kjaramál.
- Veikinda- og orlofsréttindi og nýting þeirra.
- Vinnustundir.
- Reikningsnúmer.

Hvaðan koma þær upplýsingar sem við vinnum með?

Að meginstefnu til koma upplýsingar sem SFV vinnur með frá hinum skráða sjálfum. Í einhverjum tilvikum koma upplýsingarnar þó frá þriðja aðila. Sem dæmi má nefna aðildarfélög SFV, skattayfirvöld, stéttarfélög, lífeyrissjóði o.fl.

Hve lengi geymum við gögnin?

SFV kappkosta við að varðveita persónugreinanleg gögn ekki lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar og hagsmuna samtakanna og aðildarféлага þeirra. Þannig eru upplýsingar um tengiliði almennt varðveittar í 4 ár frá lokum viðskiptasambands, upplýsingar sem falla undir bókhaldslög varðveittar í 7 ár og upplýsingar sem falla undir lögfræði- og kjarasamningsþjónustu samtakanna eru varðveittar í samræmi við fyrningarfrest krafna sem er allt að 14 ár.

Hverjir hafa aðgang að gögnunum?

Viðeigandi starfsmenn, framkvæmdastjóri og/eða stjórnarmenn SFV hafa aðgang að þeim gögnum sem safnað er um skráða einstaklinga. Þá kunna SFV að miðla persónugreinanlegum gögnum til þriðja aðila, svo sem á grundvelli samningsbands aðildarféлага við samtökin vegna lögfræði- eða kjarasamningsþjónustu.

Þá kann að vera nauðsynlegt að afhenda þriðja aðila gögnin til stjórnvalda, dómstóla, gagnaðila í ágreiningsmálum að því marki sem slíkt er heimilt eða skylt samkvæmt lögum.

Þá þurfa vinnsluaðilar SFV að hafa aðgang að ákveðnum gögnum, það geta verið upplýsingatæknifyrirtæki, bókhaldsþjónustur, bankar o.fl. Ennfremur er SFV skylt að skila tilteknum upplýsingum til ríkisstofnana, s.s. Ríkisskattstjóra o.fl.

SFV nýtir aldrei persónuupplýsingar í öðrum tilgangi en þeim sem þeim var aflað fyrir og afhendir þau ekki þriðja aðila nema ef nauðsyn krefur og lög heimila.

Hvernig tryggjum við öryggi gagna?

SFV leitast við að vernda persónuupplýsingar með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum. Dæmi um slíkar ráðstafanir eru aðgangsstýringar að kerfum, skýrar verklagsreglur og þjálfun starfsfólks.

Vefsíður og vafrakökur

Vafrakökur eru smáar textaskrár sem eru geymdar á tölvu þinni eða snjalltæki í mislangan tíma. Vefsíða SFV notar skammlífa vafraköku sem er nauðsynleg fyrir virkni síðunnar. Umrædd vafrakaka lifir eingöngu á meðan vefsvæði er opið í vafra. SFV vekur athygli á því að hægt er að eyða vafrakökum úr öllum vöfrum og stilla hvaða heimildir vefsíður hafa til að vista vafrakökur og lesa upplýsingar úr þeim og hve lengi vafrakökur varðveitast.

Nánari upplýsingar

Óskir þú eftir frekari upplýsingum um persónuverndarstefnu þessa eða hvernig SFV vinna með persónuupplýsingar þínar, vinsamlegast hafðu samband við persónuverndarsérfræðing samtakanna. Samskiptaupplýsingar hans er að finna hér að neðan:

Netfang: gunnhildur@samtok.is

Sími: 585 9532

Endurskoðun

Persónuverndarstefna þessi er endurskoðuð reglulega og kann að vera uppfærð eða taka breytingum í samræmi við breytingar á lögum eða reglugerðum eða vegna breytts verklags um vinnslu persónuupplýsinga innan SFV.

Persónuverndarstefna þessi var samþykkt á fundi stjórnar SFV þann 6. september 2018.